

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 49. fundur haldinn 19. febrúar 2007 í fundarsal Biskupsstofu.

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

**Gestir fundarins:** Hr. Karl Sigurbjörnsson biskup (undir lið 1-3) og Hjalti Zóphóníasson skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti (undir lið 1-3).

### 1. Setning fundar

Fundur var settur kl.10:05.

### 2. Kynning á umsóknum um styrki úr Kirkjugarðasjóði 2007

Framkvæmdastjóri kynnti umsóknir og sýndi skýringarmyndir frá kirkjustöðum sem sóttu um styrk.

Kristín Huld vakti athygli á nauðsyn samvinnu vegna viðgerða á legsteinum í Flatey sem kynntar voru á fundinum.

### 3. Beiðni um að jarðsetja í gamla kirkjugarðinn á Stóru-Völlum

Framkvæmdastjóri kynnti erindið.

Um er að ræða garð sem ekki hefur verið grafið í undanfarin 100 ár. Beiðninni var hafnað, þar sem kirkjugarðurinn er aflagður og um fornleifar er að ræða, sbr. lög nr. 107/2001, 9. gr.

Ákveðið var að formaður og framkvæmdastjóri myndu svara erindinu.

### 4. Fjárhagsáætlun Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2007

Sigríður Dögg Geirsdóttir gerði grein fyrir stöðu mála og því fjármagni sem væri til skiptanna í Kirkjugarðasjóði fyrir árið 2007. Bráðabirgðauppgjör vegna ársins 2006 fylgdi með. Svo virðist sem enn vanti inn fjármagn sem Kirkjugarðasjóður á að fá vegna ársins 2006 og var Sigríði Dögg falið að kanna málið.

### 5. Úthlutun úr Kirkjugarðasjóði vegna ársins 2007

Kirkjugarðar	Úthlutun 2007	Verkefni
Múlaprófastsdæmi		
Eiðar	630	Bygging þjónustuhúss. Gjaldendur 99
Þingmúli	1.000	Endurn. girðingar, stækkun og lagfæring.
Austfjarðaprófastsdæmi		

Reyðarfjörður	900	Hlaða grjóttveg
Kolfreyjustaður	670	Bygging þjónustuhúss . Gjaldendur 474
<b>Skaftafellsprófastsdæmi</b>		
Hof í Örafum	350	Gerð bílastæðis
Þykkvabæjarklaustur	450	Bygging þjónustuhúss. Gjaldendur 27
Skeiðflöt/Sólheimakapella	400	Endurnýjun á umgjörð og lýsing
<b>Rangárvallaþrófastsdæmi</b>		
Eyvindarhólar	400	Göngustígur og lagfæring á hleðslu
Kross	200	Hlaða grjóttveg
Breiðabólstaður	900	Stækkun garðs og gerð bílastæðis
Árbær	200	Gerð bílastæðis
Marteinstunga	550	Bygging þjónustuhúss. Gjaldendur 67
<b>Árnesprófastsdæmi</b>		
Stóri-Núpur	700	Gagngerar endurbætur og stækkun garðs
Hruni	700	Stækkun kirkjugarðs
Miðdalur	100	Leggja bundið slitlag á bílastæði
<b>Kjalarnesprófastsdæmi</b>		
Grindavík	2.000	Stækkun kirkjugarðs
Kirkjug. Njarðvíkur	750	Ljúka við grjóthleðslu kringum kirkjug.
Kirkjugarðar Keflavíkur	500	Endurbygging þjónustuhúss
Lágafellssókn	2.000	Stækkun kirkjugarðs
Reynivellir	350	Til lagfæringar kirkjugarðs
<b>Reykjavíkurprófastsdæmi</b>		
Hólavallagarður	2.000	Lokaskráning minningarmarka
<b>Borgarfjarðarprófastsdæmi</b>		
Lundur	300	Til hönnunar og undirbúnings
Hvammur	1.300	Grjóthleðsla og endurbætur
<b>Snæfellsnes- og Dalapr.</b>		
Kvennabrekka	200	Lagfæring á girðingu og garði
Hjarðarholt/Búðardalur	500	Frágangur bílast. og umhverfi þjónustuhúss
Skarð á Skarðsströnd	200	Setja upp nýtt sálhlið og girðingu
<b>Barðastrandarprófastsdæmi</b>		
Flatey á Breiðafirði	300	Rétta við gömul minningarmörk o.fl.
Saubær á Rauðasandi	2.000	Ljúka gagngerum endurbótum
<b>Ísafjarðarprófastsdæmi</b>		
Þingeyri	100	Reisa minnisvarða og upplýsingaskilti
Mýrar	600	Endurnýja umgjörð, stækka og lagfæra.
Núpur	200	Greiða niður skuld
Ögur	100	Rétta við og lagfæra gömul minningarmörk
<b>Húnavatnsprófastsdæmi</b>		
Kaldrananas	400	Greiða niður skuld og ljúka framkvæmdum
Þingeyrar	500	Þjónustuhús Gjaldendur 95
Svínavatn	200	
Auðkúla	1.300	Gagnger endurbót á garði og bílastæði
<b>Skagafjarðarprófastsdæmi</b>		
Glaumbær	400	Stækkun og lagfæring á garðflöt
Flugumýri	300	Fylla í hluta garðsins og endurgirða
Keta	700	Endurnýja umgjörð, sálhlið o.fl.
<b>Eyjafjarðarprófastsdæmi</b>		
Kirkjug. Dalvíkurprestakalls	500	Uppsetning girðingar á Völlum og Urðum o.fl.

Kirkjug. Laugalandsprestakalls v/Hóla	500	Endurhlaða grjótvegg og lagfæra garðflöt
<b>Pingeyjarprófastsdæmi</b>		
Skinnastaður	1.200	Endurnýjun girðingar o.fl.
<b>Niðurlagðir kirkjugarðar</b>		
Gamli garð. Ásum í Skaftártungu	600	Stöðva landbrot við kirkjugarðinn
Klausturhólar	500	Ljúka lagfæringum
Gamli garð. Svínavatni	400	Lagfæra garðinn og gamla hleðslu
Gamli garð. Svalbarði	500	Til gagngera endurbóta
<b>Annað</b>		
KGSÍ v/upplýsinga og fræðslu	1.000	Fræðslumál og útgáfa Bautasteins
KGSÍ v/ gagnagr.	3.000	Söfnun legstaðaskr.,skráning, ítarefni o.fl.
KGSÍ v/rekstrar	1.500	Heimasíða, aðalfundur,tekjuútdeling o.fl.
KGSÍ v/norræn. ráðst.	2.800	Greiða niður tap v/ norrænnar ráðstefnu
Fornleifavernd ríkisins	250	Ljúka skráningu minningarm. í Borgarfj.pr.
Fornleifavernd ríkisins	1.000	Ljúka skráningu minningarm. í Kjalnespr.
<b>SAMTALS:</b>	<b>39.100</b>	

## 6. Kirkjur Íslands

Spurning um þátttöku Kirkjugarðssjóðs. Ákveðið var að fresta erindinu til næsta fundar og fá Þorstein Gunnarsson stjórnanda verksins til að koma á næsta fund og kynna það.

## 7. Bréf kirkjugarðsstjórna vegna uppgjörs fyrir árið 2006 og umhirðugjalds fyrir árið 2007

Þorsteinn Ragnarsson kynnti erindið. Send voru bréf til 256 kirkjugarða þar sem þeim var gerð grein fyrir greiðslum sem þeir eiga rétt á: greftrunargjaldi og umhirðugjaldi. Bent var á að nánari upplýsingar væri að finna á: gardur.is.

## 8. Bréf vegna útfyllingar jarðsetningarskýrslu á gardur.is og greiðsla grafarkostnaðar úr Kirkjugarðasjóði

Framkvæmdastjóri kynnti drög að bréfi sem sent verður til allra kirkjugarðsstjórna og sóknarnefnda landsins. Þar er gerð grein fyrir því að til þess að fá greiðslu að fullu þurfi að fylla inn í jarðsetningarskýrslu á gardur.is. Greint var frá tenglum vegna innfyllingar jarðsetningarskýrslu og hvar hægt er að nálgast leiðbeiningar.

Ákveðið var að samlesa bréfið og mun framkvæmdastjóri síðan senda bréfið út.

## 9. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugsanlegum tímabundnum flutningi á starfsstöð sinni og óskaði eftir stuðningi ráðsins vegna þess. Ráðið tók jákvætt í málið sem mun skýrast betur síðar.
- Sr. Birgir Thomsen prestur á Sólheimum í Grímsnesi og sóknarnefndin á Selfossi hafa boðið Kirkjugarðaráði í heimsókn. Ákveðið var að þiggja boðið og fara í heimsókn í vor.

- c) Þórsteinn Ragnarsson bauð nefndinni að halda fund hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma í vor og fara síðan í ferð og skoða framkvæmdir við kirkjugarða höfuðborgarsvæðisins. Ákveðið var að þiggja boðið.

Fundi slitið kl. 15:15.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari